

# Fundur í skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Þriðjudaginn 3. mars 2015 klukkan 17:00 í fundarherbergi skólans

**Mættir:** Ágústa Elín Ingpórsdóttir skólameistari, Hafdís Fjóla Ásgeirsdóttir aðstoðarskólameistari, Eiríkur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi kennara, Reynir Þór Eyvindsson skipaður af ráðherra án tilnefningar, Helena Guttormsdóttir tilnefnd af sveitarfélögum, Hjördís Hjartardóttir tilnefnd af sveitarfélögum, Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar, Þorsteinn Bjarki Pétursson áheyrnarfulltrúi nemenda.

Forföll boðaði Dagbjört Guðmundsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar. Á fundinn vantaði fulltrúa foreldra.

## Dagskrá

1. Framundan í skólastarfinu
2. Afreksíþróttasvið
3. Starfsnámið
4. Vinnumatíð og fleira
5. Ársskýrslan
6. Önnur mál

Ágústa býður fundarmenn velkomna. Kemur með tillögu um að fjölga fundum, samþykkt að funda tvisvar á önn.

1. *Framundan í skólastarfinu:* Ágústa segir frá Opnu húsi sem áætlað er að verði á morgun, miðvikudag. Fer yfir þær nýjungar sem verða á skólastarfinu á næsta skólaári þ.e. þriggja ára stúdentsbrautir. Fer yfir kynningardaginn fyrir 10. bekinga á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Leggur fram yfirlit væntanlegra námsbrauta til þriggja ára stúdentsprófs sem áætlað er að taki gildi næsta haust. Hún fer yfir hvernig unnið var innan skólans að brautunum og fer yfir áfangaheitin þ.e. númer áfanga. Ræðir sérstöðu skólans – sálfræði – uppeldisfræði sem hefð er fyrir að kenna í skólanum. Almennar umræður. Fjöldi áfanga í þriðja tungumáli ræddur, farið yfir væntanlegar breytingar í lífsleikni og kynntur áfanginn *lokaverkefni*. Fer yfir að list- og verkgreinar eru enn inni en íþróttir skerðast. Opna brautin gefur nemendum möguleika á að velja sjálfir hvaða áfanga þeir taki. Kynnir Opna stúdentsbraut með leiðbeinandi vali á þremur sviðum þ.e. tungumála-, viðskipta- og hagfræði- og tónlistarsviði, einnig er opið svið þar sem nemendur geta búið til sitt eigið svið. Kallar á góða ráðgjöf og þá sérstaklega í grunnskólunum. Þurfum að útbúa leiðbeiningar fyrir nemendur sem stefna inn í ákveðnar greinar innan háskólanna – þarf að vera aðgengilegt á heimasíðu skólans. Opna sviðið gefur aukna möguleika á að útbúa fleiri svið t.d. innan ferðamála.

2. *Afreksíþróttasvið:* Fyrsta sem Ágústa tekur eftir þegar hún kemur hingað að það er ekki íþróttasvið – fær Bjarna Jóhannsson til að koma hingað og kynna fyrir forsvarsmönnum ÍA. Samstarf við ÍA og Akraneskaupstað – öllum leyst vel á og ákveðið að keyra þetta áfram. Litið til skólanna sem hafa boðið upp á afrekssvið þ.e. á Selfossi og Borgarholtsskóla. Fer yfir hvernig þetta er hugsað, módelið frá Selfossi var fengið. Hugmyndin gengur út á að sækja nemendur af Vesturlandi, ein leið til þess að bjóða upp á afrekssviðið. Nú þarf að finna aðstöðu í íþróttaaðstöðunni að morgni til. ÍA vildi hafa fleiri greinar inni en fótbolta og sund svo það bættust inn körfubolti, keila, golf og badminton. Spurt hvort gerð sé krafa um menntun þjálfaranna, já verða að vera með hæstu gráðu í sinni grein. Hugmyndin er að æfingar verði á skólatíma en einn dagur er sameiginlegur öllum greinum – allir sáu hagsemi í því – nemendurnir saman sem hópur og lært þannig um hinar greinarnar auk hins félagslega. Verður fjórum sinnum í viku hér í skólanum. Þurfa að velja sig inn á stúdentsprófsbraut og sviðið kemur inn sem valgreinar, kemur í stað íþróttagreina. Sviðið verður hugsanlega í gangi allar annir en að minnsta kosti í 5 annir. Almennar umræður, fundarmenn jákvæðir. Auglýsing sem mun birtast í Skessuhorni og Póstinum á fimmtudaginn gengur hringinn.

3. *Starfsnámið:* Heldur áfram í sinni mynd. Fer yfir námsval næsta skólaárs og þá sérstaklega nýjungar í bíliðngreinum. Fer yfir kynningarmálin, þurfum að sækja nemendurna. Búið að útbúa kynningarefni til að fara með út í grunnskólana, átta blöð sem verða á Opna húsinu á morgun. Sendir til fundarmanna á eftir. Ágústa mun fara í kynningarferð í grunnskólana á Vesturlandi ásamt fulltrúum nemenda og þá aðallega kynna verknámið. Fer yfir skipulagið. Verður talað við 9. og 10. bekkina. Þarf að huga að fullorðna fólkinu – kemur síðar – áætlað að farið verði í fyrirtækin. Vill auka hlutfall yngri nemenda í verknámi. Vill auka fjölda nemenda í skólanum, mikilvægt svo rekstrareining skólans verði hagkvæmari. Ræðir fyrirkomulagið í vinnustaðanáminu. Eiríkur fer yfir söguna. Ekki vitað hvernig þetta kemur til með að líta út í framtíðinni. Horft til Sólarkísilverksmiðjunnar í framtíðinni. Höfum ýmislegt upp á að bjóða til að sjá um menntun og þjálfun iðnaðarmanna í væntanlegri verksmiðju.

4. *Vinumatið og fleira:* Var felld og áframhaldið óljóst. Umræða um innihald vinnumatsins. Vill vinna að því að skrifa starfslýsingar, verkferla og fleira í sínu starfi. Fab-Lab verið að skoða samstarf. Hugsanlega einhver lausn í sjónmáli – Starfsmönnum Símenntunarmiðstöðvar leyst vel á efri hæðina úti í málmi sem sína aðstöðu hér á Akranesi. Símenntun í samvinnu við Fasteignir ríkisins eru að skoða það mál og líka möguleikana á að Fab-Lab smiðjan færist þangað. Heimavistin – óvíst hvernig það verður næsta sumar. Reyna að nýta húsnæðið í sumar og fá inn fjármagn. Ekki búið að ákveða hvernig að þessu verði staðið þ.e. hvernig verði auglýst þannig að allir standi jafnir að vígi varðandi möguleika á að leigja húsnæðið.

Ánægja með skólaheimsóknir, mikilvægt að fara í litlu skólana. Samstarfið milli framhaldsskóla fjórðungsins er í formi þátttöku skólans í samvinnu Fjarmentaskólans.

Almennar umræður um hvernig hægt væri að auka samstarf skólans við t.d. Menntaskóla Borgarfjarðar.

5. *Ársskýrslan*: Hafdís fer yfir ákveðna hluti í ársskýrslunni – almennar umræður.

6. *Önnur mál*: Almennar umræður um skólamál. Ágústa segir frá áhuga Akraneskaupstaðar á að skoða möguleika á að nýta húsnæði skólans fyrir nemendur grunnskólans – á eftir að skoða. Ræddir möguleika á að nýta betur húsnæðið til að fá fjármagn inn í skólann. Símenntunarmiðstöðvar koma til með að halda utan um menntun eldri nemenda. Rætt um salinn og hvernig útleigu er háttað – almennar umræður – opinber stofnun og þarf að velja fyrir hvers konar starfsemi hann er leigður út.

Fundi slitið 19:35

Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir ritaði fundargerð